

Nd.

734. Frumvarp

til laga um viðauka við lög 11. júlí 1911, nr. 28, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þó skulu lög þessi og samþykktir samkvæmt þeim ná til þiljaðra mótorbáta í Vestmannaeyjum, sjeu þeir eigi stærri en þrjátíu smálestir, enda veiði með lóð og leiti hafnar daglega.